

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 20. febrúar 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Þriggja ára áætlun Höfðahrepps.

Fyrir fundinum lá tillaga að þriggja ára áætlun Höfðahrepps 2006-2009 sem áður var til umfjöllunar 6. febrúar sl.

Tillagan var samþykkt.

2. Rekstur sveitarfélagsins

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir helstu atriði sem þeir hafa haft til skoðunar varðandi rekstur sveitarfélagsins og hvernig mögulegt sé að ná sparnaði og hagræðingu í rekstri þess. Fyrir fundinum lá minnisblað sem hreppsnefnd ræddi.

3. Erindi Launanevndar sveitarfélaga.

Með bréfum dagsettu 28. janúar veitir Launanevnd sveitarfélaga aðildarsveitarfélögum heimild til að bæta við launaflokkum og eingreiðslum á tiltekin störf innan Félags leikskólakennara og Stéttarfélaga sem samið hafa um starfsmat við nefndina. Miðað er við að umrædd viðbót við kjarasamning gildi frá 1. janúar til loka gildistíma viðkomandi kjarasamninga en þá falli viðbótarlaunaflokkar og eingreiðslur úr gildi án uppsagnar. Fyrir fundinum lágu útreikningar á launabreytingum Hreppsnefnd ræddi launakostnað miðað við þá útreikninga sem lágu fyrir fundinum og samþykkti að laun verði greidd samkvæmt heimildum Launanevndar.

4. Hitaveitumál.

Fyrir fundinum lá viljayfirlýsing sem undirrituð var af oddvita og sveitarstjóra annarsvegar og forstjóra Rarik hins vegar þar sem kemur fram að Höfðahreppur og Rarik stefni að því í samstarfi að leggja hitaveitu til Skagastrandar.

Viljayfirlýsingin er undirrituð með fyrirvörum um samþykki hreppsnevndar og stjórnar Rarik.

Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkti yfirlýsinguna fyrir sitt leyti.

5. Skipan í nefndir og ráð:Nefnd um bæjarhátíð

Rætt var um möguleika á bæjarhátíð og velt vöngum yfir hvort og hvernig slík hátíð verði haldin.

Samþykkt að eftirtaldir verði skipaðir í undirbúningsnefnd vegna málsins:

- a) Halldór G. Ólafsson
- b) Guðbjörg Ólafsdóttir

- c) Kristín Kristmundsdóttir

Menningarsjóður

Ákveðið var að skipa menningarsjóðsnefnd og fela henni úthlutun úr menningarsjóði sem á árin 2006 verði kr. 400 þúsund.

Samþykkt að eftirtaldir verði skipaðir í menningarsjóðsnefnd:

- a) Sigríður Gestsdóttur
b) Gígja H. Óskarsdóttir
c) Gylfi Guðjónsson

6. Fundargerðir:

- a) Hafnarnefndar, 8.02.2006
Fundargerðin var samþykkt.
- b) Húsnæðisnefndar, 10.02.2006
Fundargerðin var samþykkt.
- c) Stjórnar SSNV, 4.10.2005
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar SSNV, 26.10.2005
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Stjórnar SSNV, 8.12.2005
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar SSNV, 16.01.2006.
Fundargerðin var til kynningar.

7. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁰

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gígja Óskarsdóttir
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)